



Starfsábyrgðartrygging verk- og tæknifræðinga

Skilmáli nr. AP22

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. AP22.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Starfsábyrgðartryggingunni er ætlað að bæta almennt fjártjón sem stafar af gáleysi verk- og tæknifræðinga.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hver er tryggður?

1.1 Tryggður er sá sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hvar gildir tryggingin?

2.1 Tryggingin gildir á Íslandi.

3. Hvenær gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin tekur til skaðabótakröfu á hendur tryggðum sem til stofnast á tryggingartímabilinu án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.

3.2 Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- Tjónþoli gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur tryggðum eða VÍS.
- Tryggðum verður fyrst kunnugt um að viðskiptamaður hans hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem gæti fallið undir tryggingu þessa og kunni að verða rakið til gáleysis tryggðs, eða að bein hættu sé á að slíkt tjón verði.

3.3 Skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2 sem rakin er til tjóns sem verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir VÍS þó ekki hafi tjón komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en tryggingartímabilið hófst.

4. Hvað bætir tryggingin?

4.1 Tryggingin bætir almennt fjártjón viðskiptamanns tryggðs er leiðir af gáleysi hans í starfi því sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

5. Hvað bætir tryggingin ekki?

5.1 Tryggingin bætir ekki:

- Kostnað sem verður vegna vinnu sem inna þarf af hendi til þess að komast að raun um orsakir tjónsatviks eða bæta úr ágöllum sem leiddu til atviksins þar á meðal vinnu við endurútreikning, endurhönnun eða endurbætur á verklýsingu eða gerð áætlunar í því skyni að bæta úr tjóni.
- Tjón sem frjáls ábyrgðartrygging atvinnurekstrar tekur til þ.e. líkamstjón eða skemmdir á munum.
- Tjón sem fellur á tryggðan vegna verktakastarfsemi eða smíða á hans vegum eða vegna þess að hann selur eða afhendir efni eða aðra hluti.
- Tjón vegna þess að tryggður hefur umsjón með eða sér um rekstur á fasteign ef sú starfsemi er ekki í tengslum við verkefni sem tryggður tekur að sér.
- Tjón vegna þess að tryggður tekur sem eignaraðili þátt í byggingarframkvæmdum.
- Tjón þegar notað er nýtt óreynt efni, ný óreynd hönnun, vinnuaðferð eða



útbúnaður sem að álitu viðurkenndra sérfræðinga þótti ekki varlegt að nota þegar ákvörðun um notkun var tekin, þegar hönnun fór fram eða þegar tjón bar að höndum.

- g) Tjón sem lögboðnar starfsábyrgðartryggingar taka til.
- h) Sektir og önnur viðurlög sem falla á tryggðan.
- i) Tjón sem hlýst af vélknúnu ökutæki, skipi eða loftfari.
- j) Kostnað við að endurnýja skjöl sem hafa glatast, mislagst eða eyðilagst.
- k) Tjón vegna verkefnis sem tryggður tekur þátt í sem samstarfsaðili nema VÍS hafi áður en verkefni hófst borist tilkynning um samstarfið, en VÍS ber þó aldrei frekari ábyrgð en sem nemur hlutdeildarþáttöku tryggðs.
- l) Tjón sem rekja má til samþykkis eða synjunar tryggðs á efnisvali við eftirlitsstörf.
- m) Tjón sem rekja má til athafnaleysis tryggðs við eftirlitsstörf.
- n) Hvers konar afleidd tjón, einkum rekstartjón og annað tjón, er hlýst af því að hlutur, sem skemmist eða fer forgörðum, varð ekki notaður á þeim tíma eða með þeim hætti, sem ráðgert hafði verið.
- o) Tjón sem rekja má til fjárhagslegra ráðlegginga tryggðs.
- p) Tjón sem er tilkomið vegna áætlunar, upplýsinga eða loforðs varðandi kostnað við framkvæmdir eða lengd framkvæmda.
- q) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

6. Tryggingarfjárhæð

- 6.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tjónsatburðar.
- 6.2 Heildargreiðsla VÍS vegna allra tjónsatburða innan sama tryggingartímabils getur aldrei orðið hærrí en fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6.3 VÍS greiðir kostnað sem eðlilegt er að tryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem tryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu sem tryggingin tekur til.
- 6.4 Sé tryggingarfjárhæðin lægri en skaðabæturnar er VÍS aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.
- 6.5 Tryggingarfjárhæðir breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á byggingavísitölu. Verð og eigin áhætta breytast á sama hátt.

7. Staða tjónþola við tjón

- 7.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 7.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 7.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 7.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Meðferð bóta krafna

- 8.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 8.2 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.
- 8.3 Tryggðum er skylt að aðstoða VÍS án endurgjalds við að bæta úr tjóni er rakið verður til orsaka sem hann ber ábyrgð á með því að:
 - a) gera útreikninga, verkáætlanir eða framkvæma hönnun eða vinna önnur þvítík verk sem til þess eru nauðsynleg og
 - b) gera ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna úrbótanna þar á meðal að hafa venjulegt eftirlit með vinnu við að draga úr eða bæta úr tjóni.

9. Lok tryggingar

- 9.1 Tryggingin fellur sjálfkrafa úr gildi, hafi réttindi tryggðs til að gegna starfi því sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun fallið niður.



Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.